



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um sértæka aðstoð og ráðgjöf fyrir stúlkur sem glíma við vanlíðan

Þann 1. nóvember 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um sértæka aðstoð og ráðgjöf fyrir stúlkur sem glíma við vanlíðan:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort velferðaryfirvöld og velferðarsvið eru að sinna sértækri aðstoð og ráðgjöf fyrir t.d. stúlkur sem glíma við vanlíðan á borð við kvíða og þunglyndi? Rannsóknir hafa sýnt sem og komið hefur fram í lærdum skýrslum að unglingsstúlkur glíma við ýmis konar tilfinningalegan og félagslegan vanda sem rekja má til ákveðinna þátta í nútímasamfélagi. Niðurstöður hafa sýnt okkur að huga þarf sérstaklega að stúlkum þegar kemur að ímyndinni, sjálfsmynd og sjálfsöryggi. Fjölmargir umhverfisþættir spila án efa sitt hlutverk s.s. jafningahópurinn, lífsstíll og samfélagsmiðlar ásamt auðvitað persónulegum þáttum. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort miðstöðvar eru að sinna þessum hópi sérstaklega? Nýlega var ákveðið að styrkja Jafnréttisskólann og er því spurt hvort hlutverk hans sé að halda utan um einstaka hópa eins og t.d. unglingsstúlkur.

Svar

Miðstöðvar velferðarsviðs sinna almennt beiðnum þar sem áhyggjur eru af kvíða og þunglyndi barna og veita viðeigandi ráðgjöf. Ef grunur leikur á um alvarlegan kvíða og þunglyndi er foreldrum bent á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eða Geðheilsumiðstöð barna og/eða milliganga höfð um það. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er ekki að sinna stúlkum með kvíða/þunglyndi í formi hópastarfs. Á vegum Keðjunnar er boðið upp á HAM námskeið fyrir foreldra barna á aldrinum 5-12 ára sem glíma við kvíða. Foreldrar geta einnig óskað eftir 3-5 viðtölum hjá sálfræðingi og/eða öðrum sérfræðingum á miðstöð ef þau hafa áhyggjur af aðstæðum og líðan barna sinna. Nú geta foreldrar óskað eftir ráðgjöf í gegnum mínar síður á vef Reykjavíkurborgar.

Keðjan á um þessar mundir samtalið við Eirík Örn Arnarson doktor í sálfræði varðandi gagnreynda námskeiðið Hugur og Heilsa sem ætlað er unglingum með þunglyndiseinkenni. Úrræðið hefur sýnt fram á mjög góðan árangur til skamms og lengri tíma, bæði hérlendis og víða erlendis. Geðheilsuteymi barna og heilbrigðisráðuneytið hafa einnig sýnt námskeiðinu áhuga og fyrirhugaður er fundur Keðjunnar með Geðheilsuteyminu í tengslum við þetta námskeið. Áður en ákvörðun verður tekin þarf að kostnaðarmeta þjónustuna en sálfræðingar munu þurfa að þjálfast í aðferðinni og kenna hana.





Á grundvelli innleiðingar laga um samþætta þjónustu i þágu farsældar barna er mikil áhersla lögð á, hjá bæði velferðar- og skóla -og frístundasviði, að aðilar í nærumhverfi barna taki eftir, bregðist við og komi á samstarfi verði þeir varir við að börnum líði illa. Í því sambandi er afar mikilvægt að sjónum sé beint að umhverfi barna og hvaða þættir í umhverfinu séu þess mögulega valdandi að börn upplifi kvíða og/eða þunglyndi. Mikilvægt er að nálgast allan stuðning og ráðgjöf við börn á þeim grundvelli í stað þess að beina sjónum einungis að einkennum barnsins.

